

Vinsamlegast kynntu þér vel eftirfarandi áskriftarsamning. Þó það væri ekki nema bara "Gott að hafa í huga" Sú vitneskja fyrirbyggir misskilning.

### **Gott að hafa í huga**

- Fyrsta greiðslan í áskrift - Þar ertu að borga fyrir restina af mánuðinum og allan næsta mánuð í einni greiðslu.
- Ótímabundinn samningur = Áskrift: Það verður rukkað mánaðargjaldið af greiðslukortinu þínu þangað til þú segir upp, jafnvel þó þú mætir aldrei... endilega mættu samt.
- Uppsögn áskrifta tekur í fyrsta lagi gildi síðasta dag næsta mánaðar eftir uppsögn.  
*Eða miðað við uppsagnarákvæði samningsins sem þú ert að kaupa. Það þarf því að greiða amk. einn mánuð til viðbótar.*

### **Aðgangurinn sem fylgir þessum samningi gildir aðeins fyrir þig og aðeins þig.**

*Ef þú notar hann til að hleypta öðrum inn í gegnum hliðin verður sjálfkrafa skuldfært af þínu greiðslukorti sem samsvarar daggjaldi ("1 dagur" samkv. [verðskrá](#) á hverjum tíma)*

#### **1. Áskriftir og eingreiðslur (v/ReebokFitness, CrossFit Katla eða Momentum)**

##### **1. Engin binding (Almenn Áskrift)**

- Fyrsta greiðsla áskriftar er hlutfall af þeim dögum sem eftir eru þess mánaðar sem áskrift hefst og næsti heili mánuður á eftir.
- Eftir þann mánuð er sjálfkrafa tekið af skráðu greiðslukorti fyrir aðgang (Boðgreiðslur)
- "Engin binding" = Engin lágmarkstími.
- Áskrift þarf að segja upp og tekur uppsögn gildi síðasta dag næsta mánaðar eftir uppsögn.
- Aðgangur að öllum stöðvum og opnum hóptímum.

##### **2. 12 mánaða samningur (Áskrift) - 12 mánaða binditími**

- Fyrsta greiðsla áskriftar er hlutfall af þeim dögum sem eftir eru þess mánaðar sem áskrift hefst og næsti heili komandi mánuður.
- Eftir þann mánuð er sjálfkrafa tekið af skráðu greiðslukorti í umsaminn tíma.
- Aðeins hægt að segja upp eftir 12 heila mánuði
- Þegar umsaminn áskriftartími er liðinn, þarf að segja upp áskrift annars heldur áskrift áfram þangað til að uppsögn berst.
- Uppsögn áskriftar tekur gildi síðasta dag næsta mánaðar eftir uppsögn.
- Aðgangur að öllum stöðvum og opnum hóptímum.

### 3. Eingreiðsla -Tímabundin kort - Fyrirfram greitt (t.d. 1,3,6,12 mánuðir)

- Tímabilið hefst á þeim degi sem þú valdir í kaupferlinu og líkur þá að tímabili loknu, sjálfkrafa og án uppsagnar.
- Aðgangur að öllum stöðvum og hóptímum.

### 4. Tímabundin kort, keypt í sundlaugum Kópavogs.

- Korthafar sem hafa keypt sinn aðgang í afgreiðslunni hjá sundlaugum Kópavogs hafa aðeins aðgang að Reebok Fitness í Kópavogs- og Salalaug og þeirri þjónustu sem er í boði þar. Aðgangsstýringunni er einnig stjórnað af þeim.

### 5. Frístundastyrkur.

- Einungis er hægt að ráðstafa frístundastyrk gegnum <https://sportabler.com/shop/reebokfitness>
- Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk ef foreldri/ forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakortsins.
- Hægt er að skoða nánar um frístundastyrkinn og hvernig á að nýta hann hér. <https://reebokfitness.is/tilvonandi-medlimur/gerast-medlimur/ungmenni-skoli/fristundastyrkir/>

## 2. Áskriftir og eingreiðslur - Aðeins ein stöð

- Ef keypt er áskrift eða aðgangur í aðeins eina stöð, veitir það ekki aðgang í aðra stöð en þá sem aðgangur er keyptur að.

## 3. Greiðslur

### 1. Sjálfvirk greiðsla - Boðgreiðslur

- Sjálfvirk greiðsla er samþykkt um leið og áskrift er keypt.
- Áskrifaleiðir eru sjálfkrafa skuldfærðar á debetkort eða kreditkort meðlims fyrsta hvers mánaðar. Þar til samningi er lokið eða sagt upp og uppsögn tekur gildi.
- Upphæð greiðslu er háð áskriftarsamningi í gildi hverju sinni

### 2. Greiðsla tekst ekki

- Takist ekki skuldfærslan fyrir mánaðargjaldi um mánaðarmót mun RFC reyna að skuldfæra aftur, þangað til greiðsla næst.
- Ef ógreitt þrem dögum eftir gjalddaga lokast á aðgang í hliði og bókanir í tíma. Lokun kemur ekki til lækkunar mánaðargjalda.
- Ef skuldfærslan heppnast ekki á fyrri helmingi mánaðar fær viðkomandi tilkynningu þess efnis og fær tækifæri til þess að uppfæra greiðslupplýsingar og ganga frá greiðslu.
- Ógreidd mánaðrgjöld geta farið í innheimtu hjá Inkasso.
- Áskriftin/samningurinn og aðgangurinn er virkur þar til áskrift er sagt upp og uppsögn hefur tekið gildi.

### 3. 14 daga "skilaréttur", Samkvæmt lögum um neytendasamninga nr. 16/2016

- Meðlimur hefur 14 daga til þess að hætta við viðskiptin, falla frá áskrift, námskeiði eða öðrum samningum sem keyptir hafa verið gegnum reebokfitness.is svo framarlega sem ekki hefur verið mætt.
- Tilkynning þarf að berast til RFC með tölvupósti tímanlega.

### 4. Nafnabreyting

- Hægt er að nafnabreyta ótímabundnum samning/áskrift einu sinni. Ekki hægt ef það er búið að segja upp.
- Nafnabreyting á tímabundnum kortum er aðeins hægt að gera ef 50% eða meira er eftir af gildistíma kortsins.

### 5. Frysting á kortum/áskriftum

- Frysting er fyrir einn heilan almanaksmánuð í senn - sem sagt 1. til 31. þess mánaðar sem er frystur.
- Möguleikar frystingu korta og áskrifta getur verið mismunandi milli samninga. Það sést undir Undir flípanum "Samningar" og þar undir "Núverandi áskrift" er takki sem heitir "Frysting" það segir til hvort frysting sé í boði eða ekki.
- Lágt mánaðargjald er tekið fyrir frystingu. Venjulega áskriftin heldur síðan sjálfkrafa áfram eftir að tímabil frystingu lýkur.
- Það eru takmörk fyrir því hversu oft og hversu lengi er hægt að frysta.
- Aðgangi verður lokað á meðan en þú heldur þínum kjörum þegar þú kemur aftur.

## 6. Greiðslur almennt

- RFC notar þjónustu frá færsluhirðir þar sem RFC geymir einungis einkvæmt sýndarnúmer í stað kortanúmersins.

Þetta númer getur uppfærst þó gildistími kredit-kortsins sé liðinn og eða sjálfu kortinu hefur verið týnt eða lokað, líkt og hjá öðrum áskriftarveitum.

- Hægt er að sjá nánar hvaða upplýsingar RFC geymir, hér: [‘Persónuverndarstefna Reebok Fitness’](#)

- Það greiðslukort sem meðlimur skráir hjá RFC er alfarið á ábyrgð meðlimsins sem það notar. RFC getur ekki séð hver á sjálft greiðslukortið sem notað er og tekur ekki ábyrgð á misnotkun þeirra. Misnotkun greiðslukorta er tilkynnt til lögreglu.

- RFC áskilur sér rétt að breyta verðskrá án fyrirvara. Allar verðbreytingar taka gildi um leið og þær eru birtar.

Áskriftargjald ótímabundinna samninga má hækka einu sinni á ári, sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs - að hámarki mv. verðskrá var uppfærð síðast.

- Aðildar, mánaðar-og námskeiðisgjöld eru ekki endurgreidd, óháð mætingu.

## 4. Uppsögn (Segja upp ótímabundnum samningi/áskrift)

- Skráir þig inn á ‘Mín síða’ - Undir flípanum "Samningar" geturðu séð "Núverandi áskrift" þar er takki sem heitir "Segja upp" - þú smellir á hann og fylgir leiðbeiningum.
- Ef það birtist ekki möguleikinn "**Segja upp**" þá leyfir samningurinn þinn ekki uppsögn á þessum tímapunkti.
- Ef þú ert með fleiri en eina áskrift virka - þarftu að velja "**Segja upp**" á þeim öllum.
- Uppsögn er ekki farin í gegn fyrr en "**Sagt upp DD-MM-YYYY**" birtist í staðinn fyrir "**Segja upp**" takkann.
- Ekki er tekið við uppsögn með neinum öðrum hætti.
- Ath uppsagnartakkinn getur í einhverjum tilfellum verið merktur sem "**Hætta við**"
- Athugið að uppsagnarákvæði geta verið mismunandi eftir því hvaða samningnum þú ert að segja upp.

## 5. Hóptímar

- Skráning í hóptíma þarf að vera gerð fyrirfram inni á ‘Mín síða’.
- Ekki er leyfilegt að mæta í tíma án þess að eiga bókað pláss.
- Afbóka þarf tíma að minnsta kosti 60 mínútum áður en tíminn á að hefjast.
- Tímataflan getur breyst án fyrirvara.
- Lágmarksfjöldi getur átt við í einhverja hóptíma. Þá þarf skráningin að ná ákveðnum lágmarks fjölda (x tíma) fyrir auglýstan tíma svo að tíminn verði haldinn. Ef tími fellur niður þá er sendur tölvupóstur og SMS á þá sem eru skráðir í tímann.

## 6. Námskeið

- Námskeið og aðrir lokaðir tímar eru seldir sérstaklega. Bæði sem viðbót við virka samninga og sem sér aðgangur sem virkar aðeins fyrir það námskeið sem keyptur er aðgangur að í þeirri stöð og á þeim tíma sem námskeiðið er kennt.
- Námskeiðagjöld eru ekki endurgreidd, óháð mætingu, sökum veikinda né slyss.
- Einungis endurgreitt ef námskeiðið fellur niður, og ekki var hægt að nota upp í annað námskeið hjá RFC.

## 7. Einkapjálfun

- Einkapjálfarar í Reebok Fitness starfa sjálfstætt með leyfi frá RFC og því fara allar skráningar og greiðslur fyrir þeirra þjónustu beint í gegnum þá sjálfa.
- RFC ber ekki ábyrgð á vanefndum eða mistökum einkapjálfara.
- Ekki er leyfilegt að stunda/starfrækja einkapjálfun af neinu tagi inn á stöðvum RFC nema með leyfi og í fullu samráði við RFC.
- Hægt er að sækja um leyfi hjá [einkathjalfun@reebokfitness.is](mailto:einkathjalfun@reebokfitness.is)

## 8. CrossFit Katla

- Meðlimir í CrossFit Kötlu greiða sérstaklega fyrir CrossFit aðgang.
- Sömu ákvæði um áskriftir og eingreiðslur hér að ofan á við um samsvarandi CrossFit áskriftir
- Þeir hafa aðgang að öllum hóptímum og aðstöðu Reebok Fitness.
- Þeir einir hafa aðgang til að bóka sig í alla CrossFit WOD tíma sem auglýstir eru á [crossfitkatla.is](http://crossfitkatla.is) og þeirri þjónustu sem boðið er upp á þar.
- Ekki heimilt að nota CrossFit Kötlu aðstöðu nema með CrossFit aðild og á þeim tímum sem það er í boði utan dagskrá hefðbundinnar tímatöflu.

## 9. Heilsa og Öryggi

- **Starfsfólk er EKKI alltaf til staðar í stöðvunum.**
- **Neyðarhnappar tengdir stjórnstöð Securitas eru miðsvæðis í hverri stöð og ræsa útkall viðbragsaðila.**
  - Misnotkun á neyðarhnöppum hafa í för með sér kostnað vegna platútkalls sem tekin er af greiðslukorti samningsins.
- Ég fullyrði samkvæmt bestu vitund, að mér sé óhætt að stunda líkamsrækt og að mér sé engin sérstök hættu búin af því heilsufarslega. Ég æfi á eigin ábyrgð.

- Ég geri mér grein fyrir því að iðkun í stöðinni felur í sér hættu á meiðslum og slysum, sem geta í versta falli leitt til dauða.
- Ég stunda æfingar á eigin ábyrgð og firra RFC allri ábyrgð á hugsanlegum meiðslum eða slysum sem kunna að koma fyrir, sem ekki verða rakin með beinum hætti til mistaka eða vanrækslu af hálfu RFC, stjórnenda stöðvarinnar eða starfsmanna hennar.
- Ef grunur leikur á að þú ert að skaða þína heilsu, á einn eða annan hátt, innan veggja RFC, þá ber okkur skylda að tilkynna það til fagaðila sem taka málið í sínar hendur. Það gæti leitt til brotreksturs úr stöðvum RFC.
- Öll notkun áfengis, eitur- og ávanabindandi lyfja er með öllu óheimil á lóð og innan veggja RF
- Brot á því varðar brottvísun og mögulegt bann frá stöðvum RFC.
- Æfingagjöld eru ekki endurgreidd ef meðlimir gerast brotlegir
- Ætlast er til að meðlimir og aðrir gestir beiti almennri skynsemi innan veggja ReebokFitness er varðar umgengni og öryggi síns og annara.
  - Ef það er frost úti þá er hætta á hálfu, ef það er myrkur eða takmörkuð lýsing þarftu að gæta betur hvar þú stígur, ef það er verið að skúra veistu að það gæti verið sleipt, halda sér í handrið o.s.frv..
  - Koma þeim til hjálpar sem eru í vandræðum, hringja í neyðarlínuna ef slys ber að höndum o.s.frv.

## 10. „Force majeure“ Óviðráðanlegar aðstæður

- Ófyrirséðar aðstæður eða atvik sem við getum ekki haft stjórn á, sem koma í veg fyrir að við getum staðið við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í samningnum enda verði þau ekki rakin til yfirsjórnar eða vanrækslu af okkar hálfu. Svo sem heimsfaraldur Covid-19 til dæmis.
- Áskrift heldur áfram en hægt verður að setja samning í frystingu inn á ‘Mín síða’ óháð tegund samnings.
- Tímabundnir samningar geta óskað eftir framlengingu jafnframt.

## 11. Almenn

- **Öll verðmæti eru á eigin ábyrgð inn í stöðvunum.**
- Skápar eru til staðar í búningsklefum og þarf að koma með eigin hengilás til að læsa skápum – ekki er borin ábyrgð á verðmætum í læstum eða ólæstum skápum.
- Ef lás er skilinn eftir á skáp eftir lokun mun verða klippt á lásinn og innhaldið gefið í Rauða Krossinn.
- Skytt er að viðskiptavinir kynni sér gildandi húsreglur og fylgi þeim. Þær má lesa [HÉR](#).
- Almenn aldurstakmark í ReebokFitness er **15 ára** á árinu.
- Stranglega bannað að vera með börn í tækjasal.